

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hveragerðisbær
Sunnumörk 2
810 Hveragerði



Reykjavík 16. desember 2016
UST201611-163/K.S.J.
10.04.02

Efni: Hveragerðisbær, tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi 2005 -2017

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005 – 2017.

Í greinargerð kemur fram að Hveragerðisbær er um 8,9 km² að stærð.

Framtíðarsýn

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að Hveragerðisbæ verði skilað til komandi kynslóða í jafngóðu eða betra ástandi á sviði umhverfismála en áður var. Einnig kemur fram í umfjöllun um framtíðarsýn og leiðarljós að: „ *með hugtakinu sjálfbærni er átt við hagkvæma og sjálfbæra stefnu við nýtingu lands og innviða, s.s. gatna, veitukerfa og þjónustustofnana.*“ Umhverfisstofnun bendir á að sjálfbær þróun byggir á þremur meginstöðum; vistfræðilegri, félagslegri og efnahagslegri. Sjálfbærni felst ekki einungis í nýtingu lands heldur einnig verndun náttúruminja.

Umhverfi

Umhverfisstofnun tekur undir markmið sem fram koma í kaflanum um umhverfi.

Í umfjöllun um jarðmyndanir og veðurfar er einnig fjallað um ána Varmá, hlutverk árinna og fjölbreytileika. Umhverfisstofnun minnir á að Varmáin er á náttúruminjaskrá í C-hluta, sem er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa, sjá 33.gr. laga nr 60/2013. Í greinargerð kemur fram hve vatnasvæði og umhverfi Varmár er um margt sérstakt. Sem þátt í þeirri viðleitni að skila sveitarfélaginu í jafngóðu eða betra ástandi á sviði umhverfismála til komandi kynslóð, gæti Hveragerðisbær að mati Umhverfisstofnunar farið að huga að friðlýsingu Varmárinnar eða hluta Varmáarsvæðisins.

Vatn, loft og hljóð


Umhverfisstofnun tekur undir það að varast skuli að staðsetja íbúðarbyggð of nálægt stofn- og tengivegum í framtíðarbyggð. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að hugað sé að hljóðvist

við skipulagningu nýrra íbúðarhverfa og fjarlægð höfð nægileg frá umferð, enda er að mati stofnunarinnar neyðarúrræði að byggja upp miklar hljóðmanir.

Þéttleiki, yfirbragð byggðar og landnotkunarreitir

Umhverfisstofnun tekur undir þann skilmála að hús í Hveragerði skuli ekki hærrí en 4 hæðir. Að mati Umhverfisstofnunar er slíkt skilyrði mikilvægt fyrir ásýnd bæjarins.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur